

Nd.

III. Frumvarp

til laga um bann við sölu og leigu skipa úr landi.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, Pjetur Ottesen, Einar Arnórsson
og Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Bönnuð skal sala og leiga skipa út úr landinu.

Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu, ef alveg sjer-
stakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Með því að nú er hvarvetna mikil eftirspurn eftir skipum, bæði vöru-
flutningaskipum og öðrum, en landið má alls eigi við því, að skipastóll þess
sje skertur, eins og nú stendur á, þykir full nauðsyn vera á að reisa sem
allra fyrst skorður við sölu skipa út úr landinu.